

www.vh.is
Heimasíðan
sem fjölmiðlar
vitna í

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum

3. tbl. 14. árgangur • Maí 2003

MEÐAL EFNIS



Aðalfundir stéttarfélaganna hafa verið haldnir undanfarið og hafa þeir flestir verið vel sóttir...



Margir hafa lagt stund á nám í vetur á vegum stéttarfélaganna og samstarfsaðila...



Stórir og smáir tóku þátt í hátíðahöldunum 1. maí...



Sláttur hafinn á Húsavík

Sláttur hófst á Húsavík í byrjun maí og var þessi mynd tekin við það tækifæri. Samkvæmt „mjög“ áreiðanlegum heimildum hófst sláttur fyrr á Húsavík í ár en undir Eyjafjöllum sem átt hefur þetta met til fjölda ára. Á myndinni er Páll Ríkarðsson, vallarvörður á Húsavík, ásamt Sigmundi Hreiðarssyni, kjötiðnaðarmanni og aðstoðarþjálfara meistaraflokks Völsungs í knattspyrnu, væntanlega að ræða um grassprettu og væntingar manna varðandi árangur Völsungs í sumar.

ÚTGEFENDUR:

Þingið, félag iðnaðarmanna
Starfsmannafélag Húsavíkur
Verkalýðsfélag Húsavíkur
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Verkalýðsfélag Öxarfjarðar
Verslunarmannafélag Húsavíkur
Ábyrgðarmaður: Aðalsteinn Á Baldursson

Fréttabréfið er skrifað
föstudaginn 23. maí 2003
og gefið út í 2000 eintökum.

Vilt þú upplifa hátíðahöldin 1. maí á myndbandi

Nú geta áhugasamir fengið lánað myndband af hátíðahöldunum 1. maí 2003 sem voru með glæsilegasta móti. Um 500 manns tóku þátt í hátíðahöldunum í Félagsheimili Húsavíkur. Nánari upplýsingar á Skrifstofu stéttarfélaganna.



Ályktun VH um ættleiðingar vekur athygli

Ályktun Verkalýðsfélags Húsavíkur um stöðu fólks sem vill ættleiða börn hefur vakið töluverða athygli. Fjölmíðlar hafa fjallað um málið og hópur fólks hefur þakkað félaginu fyrir að taka upp málstað þeirra einstaklinga sem dreymir um að eignast börn en geta það ekki nema með ættleiðingum. Félaginu hefur m.a. borist þakkarbréf frá íslenskum hjónum sem búa í Kína sem fylgst hafa með umræðunni í kjölfar ályktunar Verkalýðsfélags Húsavíkur. Í bréfinu er félaginu þakkað fyrir að vekja athygli á þessu mikla óréttlæti. Með ályktuninni vonast félagið til að hægt verði að opna augu ráðamanna fyrir því óréttlæti sem viðgengst gagnvart þeim sem vilja ættleiða börn.



Fundarmenn voru alvörugefnir á aðalfundi Þingiðnar, enda telja þeir mikilvægt að laun iðnaðarmanna hækki umtalsvert í næstu kjarasamningum.

Þingiðn fjallar um kjaramál

Aðalfundur Þingiðnar, félags iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum, var haldinn 9. maí s.l. Auk venjulegra aðalfundarstarfa voru kjaramál til umræðu sem gestur fundarins, Finnbjörn Hermannsson formaður Samiðnar, hafði framsögu um. Finnbjörn fór yfir þróun launa og kaupmáttar hjá iðnaðarmönnum á samnings-tímanum. Í máli hans kom m.a. fram að hann teldi að iðnaðarmenn ættu töluvert inni vegna þess að kaupmáttur heildarlauna væri nú sá sami og við upphaf samningstímans. Fundarmenn tóku undir skoðun Finnbjörns og voru á því að í næstu kjarasamningum ætti að leggja áherslu á hækkun launanna sjálfra og fá launataxta upp að greiddum launum.

Afkoma Þingiðnar var góð á árinu 2002,

hagnaður var af öllum sjóðum félagsins, samtals rúmar sex milljónir.

Ákveðið var að hækka sjúkradagpeninga um 10% og verða þeir kr. 4.400 á dag alla virka daga.

Sigurjón Már Pétursson var endurkjörinn formaður félagsins. Aðrir í stjórn eru: Svandís I. Sverrisdóttir varaformaður, Jónas Kristjánsson ritari, Þórður Aðalsteinsson gjaldkeri og Jónmundur Aðalsteinsson meðstjórnandi. Í lok fundar var boðið upp á kaffiveitingar og þá fengu allir fundarmenn flíspeysur frá félaginu.

Rétt er að taka fram að hægt er að nálgast skýrslu stjórnar á heimasíðu stéttarfélaganna vh.is.



Orlofshúsið Þórðarstaðir - Skálabrekku 9, Húsavík -

Höfum fjögurra herbergja íbúð til leigu
yfir helgi eða viku.

Upplýsingar í síma 464 2005 eða 894 9718.

Sigrún og Haukur.

Undirbúningur vegna næstu kjarasamninga hafinn

Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur hafið undirbúning að gerð kröfugerðar vegna næstu kjarasamninga sem eru almennt lausir um næstu áramót. Þessa dagana er unnið að endurskoðun á samningi félagsins við Heilbrigðisstofnun Pingeyinga. Til athugunar er hjá Starfsgreinasambandi Íslands að gerður verði einn samningur milli sambandsins og ríkisins vegna starfsmanna á sjúkrahúsum. Fram að þessu hafa aðildarfélag sambandsins

verið með sérsamninga við ríkið s.br. Verkalýðsfélag Húsavíkur. Verkalýðsfélagið tekur þátt í þessari vinnu og er Kristbjörg Sigurðardóttir varaformaður félagsins fulltrúi þess í vinnuhóp sem vinnur að því að samræma þá samninga sem fyrir eru í einn kjarasamning. Þá má geta þess að einnig er hafin vinna við að endurskoða samning Starfsgreinasambands Íslands við Samtök atvinnulífsins vegna starfsmanna sem starfa

á veitingastöðum og hótélum. Verkalýðsfélag Húsavíkur er aðili að þessum samningi og tekur fullan þátt í þeirri vinnu sem hafin er. Fulltrúar frá Verkalýðsfélaga Húsavíkur munu taka virkan þátt í mótun kröfugerðar innan Starfsgreinasambands Íslands þegar fyrir liggur hvernig staðið verður að næstu kjarasamningagerð.

Í hverri viku fara fjölmargir inn á heimasíðu stéttarfélaganna www.vh.is enda uppfærð reglulega með fréttum og öðrum upplýsingum fyrir félagsmenn.



Starfsmenn Skipa-afgreiðslu Húsavíkur ljúka námskeiði

Fyrir nokkru luku starfsmenn Skipa-afgreiðslu Húsavíkur 60 kennslustunda tölvunámskeiði. Verkalýðsfélag Húsavíkur stóð fyrir námskeiðinu í samstarfi við SAH. Fræðslusjóður verkafólks á landsbyggðinni, Landsmennt, kostaði námskeiðið að mestu leyti. Kennari á námskeiðinu var Einar Helgason. Námskeiðinu var slitið með viðeigandi hætti og voru starfsmenn fyrirtækisins mjög ánægðir með námskeiðið og lögðu áherslu á að fá framhaldsnámskeið næsta vetur. Myndirnar tala sýnu máli.



Orlofsuppbót: Skila „sólkrónurnar“ sér?

Á hverju vori og sumri er mikið hringt og spurst fyrir um orlofsuppbót. Af símtölum til Skrifstofu stéttarfélaganna að dæma, er nokkuð um að orlofsuppbót sé greidd seint eða jafnvel að launagreiðendur gleymi henni.

Orlofsuppbót á að greiðast þegar starfsmenn fara í orlof, en þó eigi síðar en 15. ágúst. Mörg fyrirtæki og stofnanir hafa mótað sér þá reglu að greiða hana út í byrjun sumars, t.d. með launaútborgun 1. júní ár hvert.

Full orlofsuppbót er kr. 20.400,- hjá almennu verkafólki og iðnaðarmönnum, kr. 15.400,- hjá iðnnemum, afgreiðslu- og skrifstofufólki. Hjá starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga er hún ýmist kr. 10.000,- eða kr. 20.400,- (t.d. félagsmenn VH hjá Hvammi og HP).

Uppbótin greiðst síðan í hlutfalli við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu frá 1. maí 2002 – 30. apríl 2003.

Mikilvægt er að félagsmenn og launagreiðendur átti sig á réttindum sumarstarfsmanna og þeirra sem hættu störfum á orlofsárinu. Almennt eiga þeir rétt á orlofsuppbót í vor ef þeir störfuðu í 12 vikur eða lengur á orlofsárinu. Í tilvikum sumarstarfsmanna er þó lagt til að orlofs- og desemberuppbót sé gerð upp við þá við starfslok á haustin.

Starfsmenn sem fara í fæðingarorlof, hætta vegna veikinda eða aldurs fá einnig greidda hlutfallslega orlofsuppbót í samræmi við starfstíma þeirra. Hjá þessum aðilum er þó enginn áskilinn lágmarks starfstími og þegar starfsmaður hefur unnið hjá fyrirtæki í eitt ár fær hann einnig orlofsuppbót fyrir þá sex mánuði sem hann er í fæðingarorlofi.

Til fróðleiks!

Þegar félagsmenn taka á leigu orlofs-hús hjá stéttarfélagunum í sumar er ekki óalgengt að vikan kosti um 25 til 40 þúsund fyrir félögin. Hins vegar greiða félagsmenn aðeins hluta þess kostnaðar eða kr. 12.500 fyrir vikuna sem þýðir að stéttarfélagin niðurgreiða hverja viku um 13 til 25.000 þúsund sem gerir félagsmönnum kleift að dvelja ásamt fjölskyldum sínum í orlofs-húsum. Svipuð niðurgreiðsla fyrir félagsmenn á einnig við um fellihýsi og tjaldvagna sem þeir taka á leigu í gegnum félögin. Þessar niðurgreiðslur sem hér hafa verið nefndar skipta milljónum á hverju ári til félagsmanna.



Hvammur, heimili aldraðra hefur orðið við ósk Verkalýðsfélags Húsavíkur um hækkun á launum starfsmanna sem heimild er fyrir í kjarasamningi aðila sem er laus um næstu áramót. Fastráðnir starfsmenn fá tveggja launaflokka hækkun frá 1. júní 2003. Stjórnendur Heilbrigðisstofnunnar Pingeyinga hafa hins vegar hafnað samskonar beiðni um hækkun starfsmanna stofnunarinnar sem eru vonbrigði.

Veruleg aukning hjá Norðlenska

Reiknað er með að um 90 þúsund fjár verði slátrað á Húsavík haustið 2003 sem er veruleg aukning milli ára því haustið 2002 var slátrað rétt um 66 þúsund fjár. Þessi mikla aukning er ekki síst tilkomin vegna samstarfs Norðlenska við Sláturfélag Austurlands. Sláturtíð hefst í byrjun september og stendur til loka október þó er reiknað með að byrjað verði að slátra í forslátrun um 20. ágúst og eftir sláturtíð verði slátrað vikulega fram að jólum. Samfara sláturtíð er stefnt að því að þrefalda vinnslu á fersku lambakjöti. Áætlað er að um 120 manns komi að slátrun og vinnslu á fersku kjöti hjá fyrirtækinu í haust. Ekki þarf að taka fram að þetta eru ánægjulegar fréttir fyrir atvinnulífið á svæðinu. Til viðbótar þessari frétt má geta þess að Norðlenska hefur auglýst undanfarið eftir fólki í kjötskurð því vöntun er á slíkum starfsmönnum hjá fyrirtækinu.



Það er annasamt starf að vera hafnarvörður og formaður Starfsmannafélags Húsavíkur, því kemur síminn að góðu gagni þegar mikið liggur við. Á myndinni er Stefán Stefánsson hafnarvörður á Húsavík.

Ánægja með kaup á íbúð

Á aðalfundi Verkalýðsfélags Öxarfjarðar sem haldinn var í lok apríl kom fram að félagsgjöld og iðgjöld námu kr. 4.189.369 á árinu 2002. Samkvæmt rekstrar- og efnahagsreikningi allra sjóða félagsins nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 2.781.846,- og eigið fé í árslok kr. 31.934.434. Á síðasta ári voru bankaviðskipti félagsins endurskoðuð og fjármunir þess færðir til Sparisjóðs Þórshafnar á Kópaskeri sem bauð bestu innlánsvexti sem í boði voru á þeim tíma. Félagið festi kaup á íbúð í Reykjavík með Verkalýðsfélagi Húsavíkur. Íbúðin er á efstu hæð (ris íbúð) í Freyjugötu 10a. Félagið á 50% í íbúðinni og fékk hana afhenta 1. maí síðastliðinn. Heildarverð á íbúðinni er 6.1 milljón og þarf VÖ að greiða helming þess kostnaðar. Ljóst er að gera þarf nokkrar breytingar á henni áður en hægt verður að leiga hana félagsmönnum og kaupa innbú. Á síðasta starfsári var gengið frá samkomulagi við Fjallalamb, Silfurstjörnuna og Rífós um kaup og kjör starfsmanna. Samningarnir gilda til næstu áramóta. Á aðalfundinum var samþykkt að hækka sjúkradagpeninga í kr. 4.400 á dag m.v. virka daga. Þar með greiða stéttarfélagin sem aðild eiga að Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík og eru aðilar að

Starfsgreinasambandi Íslands hæstu sjúkradagpeninganna innan sambandsins. Samþykkt var að árgjald félagsins verði óbreytt frá sl. ári, 1% af launum og lágmarksgjald verði kr. 6.000 fyrir árið 2003. Á aðalfundinum varð umræða um stöðu og starfsemi félagsins og voru fundarmenn almennt ánægðir með stöðu mála og ákvörðun stjórnar félagsins að kaupa íbúð í Reykjavík fyrir félagsmenn í samstarfi við Verkalýðsfélag Húsavíkur. Í lok fundar var fundarmönnum boðið upp á kaffiveitingar og fengu afhenta flíspeysu frá félaginu.



Hluti fundarmanna á aðalfundi Verkalýðsfélags Öxarfjarðar kominn í nýjar flíspeysur sem þeir fengu afhentar í fundarlok.



Formanni Verkalýðsfélags Húsavíkur var boðið að skoða fiskeldisfyrirtæki í Vogunum og rakst þar á Ellert Stefánsson sem stundað hefur nám í fiskeldi við Hólaskóla í vetur og er um þessar mundir í verk-námi í Vogunum. Að vanda var Elli hress og bað að heilsa heim til Húsavíkur.

Vernd leitar til Verkalýðsfélagsins vegna fræðslumála

Í kjölfar viðtals sem Ríkisútvarpið átti við formann Verkalýðsfélags Húsavíkur 1. maí síðastliðinn um starfsmenntun og uppbyggingu þess hjá félaginu höfðu forsvarsmenn Verndar samband til að fræðast frekar um málið. Vernd er líknafrélag sem hefur starfað og rekið áfangaheimili í rúmlega 40 ár fyrir fanga sem eru að ljúka refsivist og eru á leið út í "lífið" aftur. Það að geta lokið afplánun hjá Vernd gefur einstaklingum fágætt tækifæri til að brjótast út úr neikvæðu lífsmynstri í aðstæður sem kynnir þeim heilbrigða lífshætti. Mikill áhugi er hjá Vernd að byggja upp starfsmenntun meðal skjólstæðinga sinna og því vildu þeir kynna starfi Verkalýðsfélags Húsavíkur og þeim fræðslusjóðum sem

verkaþólk hefur aðild að í dag og hvort skjólstæðingar þeirra gætu átt aðkomu að þeim með einhverjum hætti. Í kjölfarið átti formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur fund í Reykjavík með forsvarsmönnum og skjólstæðingum Verndar. Með formanni VH voru Kristján Bragason frá Starfsgreinasambandi Íslands og Garðar Vilhjálmsson frá Eflingu, stéttarfélagi sem báðir hafa mikla þekkingu á starfsmenntunarmálum. Fundurinn var mjög vinsamlegur og voru aðilar sammála um að vinna að nánara samstarfi um starfsmenntun sem nýst geti skjólstæðingum Verndar. Það að Vernd skuli leita til Verkalýðsfélags Húsavíkur varðandi starfsmenntunarmál er töluverð viðurkenning fyrir félagið.

STUTTAR FRÉTTIR

Sumarsigling Slysavarnaskóla sjómanna

Slysavarnaskóli sjómanna býður upp á endurmenntunarnámskeið í sumar á Húsavík sem er ætlað þeim sem lokið hafa grunnnámskeiði í öryggisfræðslu. Námskeiðið á Húsavík verður haldið 7. til 8. júlí og er lágmarksfjöldi á hvert námskeið 10 manns. Námskeiðsgjald er kr. 15.000,-. Skráning fer fram hjá skólanum í síma 562-4884.

Reykingar bannaðar í orlofsíbúðum og orlofshúsum.

Sameiginleg orlofsnefnd stéttarfélaganna hefur tekið ákvörðun um að banna reykningar í orlofsíbúðum, orlofshúsum, feliðhúsum og tjaldvögnum sem eru á vegum stéttarfélaganna.

Það er einlæg ósk Orlofsnefndar stéttarfélaganna að félagsmenn taki tillit til þessa og virði þannig réttindi þeirra sem reykja ekki og/eða þeirra sem eiga erfitt með að dvelja þar sem mikið hefur verið um reykningar.

Gríptu tækifærið

Sjómennt, fræðslusjóður útgerðarfyrtækja og sjómanna og Landsmennt fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkaþólks á landsbyggðinni styrkja fyrirtæki og félagsmenn stéttarféлага til starfsnáms eða námskeiða-halds. Leitið upplýsinga á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík.



Um borð í Geira Péturs PH

Námskeið í skyndihjálp

Verkalýðsfélag Húsavíkur og Fiskeldið Haukamýri fengu styrk frá Landsmennt til að halda skyndihjálparnámskeið fyrir starfsmenn fyrirtækisins. Um er að ræða 16 stunda námskeið. Hér má sjá áhugasama starfsmenn æfa hjálpi í viðlögum. Leiðbeinandi á námskeiðinu var Sigríður Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur. Framundan er svo 30 til 40 stunda grunnnámskeið í fiskeldi fyrir starfsmenn fyrirtækisins í samvinnu við Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar.



Vertíðarlok

Féðgarnir Gunnar og Sævar Guðbrands-son á Sæunni PH 22 voru að ganga frá eftir grásleppu vertíð þegar blaðamaður Fréttabréfsins var á ferð niður við höfn. Hermann Ragnarsson hefur einnig verið með þeim um borð. Að sögn Sævars gekk vertíðin þokkalega vel hjá flestum. Vertíðin fór vel af stað en dregið hefur verulega úr veiði síðustu vikurnar. Um fjörutíu sjómenn hafa stundað grásleppuveiðar frá Húsavík á vertíðinni.



Frændurnir og Tjörnesingarnir, Guðmundur Halldórsson og Gunnþór Þórarinnsson hafa undanfarið unnið að því að mála nýja orlofsíbúð Verkalýðsfélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Öxarfjarðar að Freyjugötu 10 í Reykjavík. Áætlað er að framkvæmdum við íbúðina ljúki í byrjun júní og í framhaldi af því bjóðist hún félagsmönnum til leigu.



Hluti starfsmanna Jökuls á Raufarhöfn hefur undanfarið setið á 40 stunda kjarasamningsbundnu grunnnámskeiði fyrir fiskvinnslufólk. Aðrir starfsmenn fyrirtækisins höfðu áður klárað námskeiðið. Þeir sem klára námskeiðið útskrifast sem Sérhæfðir fiskvinnslumenn og fá launahækkun eins og kveðið er á um í kjarasamningnum. Þessi mynd er tekin af formanni Verkalýðsfélags Húsavíkur sem fenginn var til að fræða starfsmenn um réttindi og skyldur á vinnumarkaði og aðila vinnumarkaðarins



Þessi mynd sýnir nemendur Öxarfjarðarskóla þjóna gestum sem komu á Hörpugleði sem haldin var í skólanum 9. maí s.l. Ágóðinn af skemmtuninni rennur í ferðasjóð nemenda Öxarfjarðarskóla.

Góð rekstrarafkoma hjá Verka

Aðalfundur Verkalýðsfélags Húsavíkur var haldinn sunnudaginn 4. maí. Samkvæmt ársreikningum félagsins stendur félagið á sterkum grunni og hagnaður varð af öllum sjóðum félagsins. Félagsmenn eru um 1000.

Samþykkt var að hafa félagsgjaldið óbreytt árið 2003 það er 1% af launum sem er með því lægsta sem gerist hjá sambærilegum stéttarfélögum innan Starfsgreinasambands Íslands á Norður- og Austurlandi.

Á árinu 2002 var nokkuð atvinnuleysi meðal félagsmanna í Verkalýðsfélagi Húsavíkur, sérstaklega þegar leið á árið. Á árinu þáðu 159 félagsmenn atvinnuleysisbætur þar af 75 karlar og 84 konur. Skráðir atvinnuleysisdagar voru 9.265 og greiddir 8.866. Samtals voru greiddar 23.637.791,- í atvinnuleysisbætur, með móttframlagi í lífeyrissjóð kr. 25.055.957,-. Á árinu 2001 þáðu hins vegar 210 félagsmenn atvinnuleysisbætur þar af 117 konur og 93 karlar. Skráðir atvinnuleysisdagar voru 10.501 en greiddir 10.155. Samtals voru greiddar með móttframlagi í Isj. 26.432.092 krónur í atvinnuleysisbætur árið 2001 til félagsmanna. Atvinnuleysi lagaðist því heldur milli ára.

Alls nutu 185 félagsmenn bóta frá sjúkrasjóði félagsins á árinu. Samtals námu greiðslur vegna sjúkradagpeninga, annarra sjúkrabóta og styrkja kr. 5.946.150,- sem er nokkur lækkan frá fyrra ári.

Mjög öflug fræðslustarfsemi hefur verið hjá félaginu. Alls hafa 226 félagsmenn fengið styrki síðustu þrjú ár frá félaginu sem gerir um 3. milljónir.

Um 160 fjölskyldur félagsmanna fóru í orlofshús eða fengu fellihsýsi eða tjaldvagn á vegum félagsins sumarið 2002. Félagið hefur boðið félagsmönnum upp á marga mismunandi orlofskosti s.s. orlofshús, tjaldvagna og fellihsýsi.

Starfsgreinasamband Íslands stóð fyrir þjónustukönnun á síðasta ári meðal aðildarféлага sambandsins. Helstu niðurstöður Starfsgreinasambandsins á þjónustu Verkalýðsfélags Húsavíkur eru: "Að þjónusta félagsins er til fyrirmyndar. Rekstur skrifstofu er góður og þjónusta mikil. Félagið stendur sig sérlega vel í upplýsinga- og fræðslumálum."

Gallup framkvæmdi í febrúar 2003 viðhorfs- og kjarakönnun meðal félagsmanna innan Starfsgreinasambands Íslands. Úrtakið var 1300 manns, svarhlutfall var 60,1%. Í samantekt sem gerð hefur verið fyrir Verkalýðsfélag Húsavíkur kemur fram að 100% félagsmanna er mjög sáttur eða frekar sáttur við þjónustu félagsins. Um 74% félagsmanna hefur nýtt sér þjónustu félagsins meðan meðaltalið yfir landið er um 45%. Um 32% félagsmanna hefur nýtt sér einstaklingsstyrki til starfsmenntunar síðustu tvö ár meðan meðaltalið yfir landið er 16%. Þá hefur 58% félagsmanna sótt náms- eða námskeið á síðustu tveimur árum á vegum



félagsins og samstarfsaðila. Varðandi áherslur í næstu kjarasamningnum vilja flestir að stuðlað verði að auknu starfsöryggi, skattar verði lækkaðir, laun verði hækkuð verulega og lögð verði áhersla á aukna starfsmenntun. Helstu niðurstöður könnunar Gallups eru hér á síðunni í myndrænu formi.

Ályktun

Aðalfundur Verkalýðsfélags Húsavíkur hvetur stjórnmalaflokkana sem bjóða fram til Alþingis og væntanlega Alþingismenn til að tryggja að bætt verði aðstaða fólks sem leitast við að ættleiða börn frá útlöndum. Heilbrigðiskerfið tekur þátt í margvíslegum kostnaði vegna barneigna – eins og eðlilegt er – en



Félagið hefur haldið úti frétt- og upplýsingavef www.vh.is og gefur auk þess út reglulega Fréttabréf sem ætlað er að miðla upplýsingum út til félagsmanna.

Á fundinum kom fram almenn ánægja með starfsemi félagsins sem er með öflugri stéttarfélögum innan Alþýðusambands Íslands. Formaður félagsins, Aðalsteinn Á. Baldursson var endurkjörinn formaður. Í lok fundar fengu allir fundarmenn flíspeysu að gjöf frá félaginu.

Aðalfundurinn sendi frá sér eina ályktun um stöðu fólks sem ættleiða vill börn sem er hér meðfylgjandi:

engar ívilnanir eru veittar því fólki sem leitar eftir að ættleiða barn frá útlöndum eins og gert er í nágrennalöndunum. Þó er ljóst að því fylgir umtalsverður kostnaður og ekki á færi láglæunarfólks að fara þessa leið. Þátttaka almannatrygginga í kostnaði við ættleiðingar frá útlöndum hlýtur að eiga að vera sjálfsagður hluti velferðarkerfis – ef það á að rísa undir nafni. Um leið skorar félagið á önnur verkalýðsfélög og Alþýðusamband Íslands að beita sér í málinu og jafna jafnframt rétt fólks til greiðslu úr sjúkrasjóðum, hvort sem um er að ræða tæknifrjövgun eða ættleiðingu frá útlöndum.



Alhliða gjaldeyrissþjónusta



SPARISJÓÐUR
ÞÓRSHAFNAR OG NÁGRENNIS

Lýðsfélagi Húsavíkur

Greinargerð:

Það er ljóst að ekki geta allir eignast börn á hefðbundinn hátt. Ástæður þessa geta verið marg-



vislegar, en eru oftast tengdar ófrjósemi. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hvaða áhrif það getur haft á fólk sem á sér engan dráum heitari en að eignast börn. Undanfarin ár hafa læknavísindin hjálpað mjög mörgum til barneigna, með svokallaðri



tæknifrjóvgun. Sú aðferð dugar þó ekki öllum. Kostur þeirra fjölskyldna er að ættleiða barn. Í einhverjum tilvikum er um að ræða ættleiðingar barna sem fædd eru á Íslandi. Í mun fleiri tilvikum hefur þó verið um að ræða ættleiðingu frá útlöndum. Á undanförunum árum og áratugum hafa allmargar íslenskar fjölskyldur nýtt þessa möguleika. Sem dæmi má nefna, að allmörg börn voru á sínum tíma ættleidd frá Sri Lanka og undanfarið hafa fjölmörg börn verið ættleidd frá Indlandi. Nýlega opnaðist fyrir möguleika á ættleiðingu frá Kína. Þau lönd sem nú eru formleg tengsl við í þessu sambandi eru Indland, Kína, Kólumbía og Thailand. Ættleidd hafa verið á bilinu 15-24 börn á ári, að jafnaði, alls um 400 börn. Kostnaður við ættleiðingu er mismunandi eftir löndum. Greiða

þarf upphald barnsins, lögfræði- og dómskostnað og ferðakostnað en væntanlegir kjörforeldrar fara oftast sjálfir til að sækja barn sitt. Ekki er fjarri lagi að ætla að lágmarkskostnaður sé um ein milljón króna. Þá fjármuni þarf að reiða fram á skömmum tíma. Til þess að hafa eina milljón króna til ráðstöfunar, þarf að vinna fyrir talsvert hærri upphæð, fyrir skatta og skyldur. Það ætti því að vera ljóst að það er ekki á færi almenns verkafólks að ættleiða börn frá útlöndum. Þess vegna hlýtur samfélaginu að vera skylt að jafna aðstöðu fólks í þessari stöðu, við aðstöðu þeirra sem eignast börn eftir hefðbundnari leiðum. Í



nágrannalöndunum – sem við miðum okkur gjarnan við – tekur ríkið þátt í kostnaði við ættleiðingar frá útlöndum, allt frá um 200.000 krónum, í ríflega 400 þúsund. Ennfremur má benda á, að á sama tíma og þátttaka ríkisins í kostnaði við ættleiðingar er sjálfsagður hluti samtryggingar og velferðar, er hún jafnframt framlag okkar til þess að bæta aðstæður barna í fátækum löndum, sem annars biður í mörgum tilvikum ekki annað en sár fátækt. Það mæla öll rök með því að þessi ójöfnuður verði leiðréttur hið allra fyrsta. Það er siðferðilega rangt að mismuna fólki með þessu móti. Upphæðirnar og fjöldi ættleiðinga frá útlöndum er ekki þannig að það kæmi til með að setja ríkisfjármálin úr skorðum.



Sjúkrasjóður VH - réttindi enn bætt

Á aðalfundi Verkalýðfélags Húsavíkur var samþykkt að hækka sjúkradagpeninga og fæðingarstyrk hjá sjúkrasjóði. Breytingin tók gildi 1. maí. Sjúkradagpeningar verða kr. 4.400 á dag, fæðingarstyrkur til félagsmanna verður allt að kr. 88.000. Við þessa breytingu eru sjúkradagpeningar Sjúkrasjóðs Verkalýðfélags Húsavíkur þeir hæstu sem greiddir eru hjá stéttarfélögum innan Starfsgreinasambands Íslands.

Dæmi um réttindi sjóðsfélaga í fullu starfi með eitt barn, sem veikist/slasast:

Eftir að veikindarétti hjá fyrirtæki lýkur, greiðast sjúkradagpeningar frá Sjúkrasjóði VH kr. 95.384 (mv. mánuð) auk sjúkradagpeninga frá TR kr. 31.350 (mv. mánuð). Þannig eru sjóðsfélaga í þessari stöðu, tryggð 100% laun ef hann hefur kr. 126.700 eða lægri mánaðarlaun. Sjóðsfélagi með kr. 159.000 í mánaðarlaun heldur 80% af launum í veikindum sínum.

Dæmi um réttindi sjóðsfélaga í Sjúkrasjóði Verkalýðfélags Húsavíkur:

Sjúkradagpeningar í allt að 260 daga vegna veikinda/slysa sjóðsfélaga. Sjúkradagpeningar í allt að 130 daga vegna langvarandi veikinda barna eða maka sjóðsfélaga.


Fæðingarstyrkur til mæðra og feðra.

Endurgreidd sjúkraþjálfun 50%.


Kostnaðarþátttaka í sjúkranuddi o.p.h.

Helstu niðurstöður úr könnun Gallups á viðhorfi félagsmanna Verkalýðfélags Húsavíkur til kjara og þjónustu félagsins samanborið við önnur stéttarfélög innan Starfsgreinasambands Íslands.


Áherslur í næstu kjarasamningum




Hvernig á að hækka laun?




Ánægja með þjónustu félagsins



Nýtt einstaklingsstyrki til starfsmenntunar síðustu tvö ár



Nýtt þjónustu stéttarfélagsins



Stjórn Verslunarmanna- félagsins endurkjörin

Aðalfundur Verslunarmannafélags Húsavíkur var haldinn 16. maí s.l. í fundarsal félagsins.

Á fundinum flutti Ágúst Óskarsson formaður félagsins skýrslu fyrir liðið starfsár þar sem m.a. kom fram að starfsemi félagsins hefði verið með hefðbundnum hætti á árinu, félagið væri aðili að Alþýðusambandi Norðurlands, Landssambandi íslenskra verslunarmanna og Alþýðusambandi Íslands og tæki virkan þátt í starfi þessara heildarsamtaka. Félagið hefur beitt sér í samfélagsmálum á félagssvæðinu, velferðarmálum almennt og á félagssvæðinu, fræðslu- og starfsmennta- málum með námskeiðahaldi, góðum styrkjum til félagsmanna sem sækja námskeið eða stunda annað nám og aðild að Fræðslu- miðstöð Þingeyinga.

Félagið býður félagsmönnum upp á

fjölbreytta styrki frá sjúkrasjóði, m.a. sjúkradagpeninga vegna veikinda félagsmanns, barna hans eða maka, fæðingarstyrk til félagsmanna sem eignast eða ættleiða börn (bæði mæðra og feðra), endurgreidda sjúkrapjálfun og sjúkranudd, greiðslu krabbameins- og „hjartaverndarskoðana“ og styrki til heilsuræktar. Á fundinum var samþykkt að hækka sjúkradagpeninga og fæðingarstyrki.

Félagið er í samstarfi við önnur stéttarfélög á svæðinu á sviði orlofsmála, þar sem félagsmönnum standa til boða orlofshús, íbúðir, fellihýsi, tjaldvagnar og ferðir. Í sumar var m.a. boðið upp á ferð til Mallorca og í ágústmánuði er stefnt að hálendisferð.

Fjárhagur félagsins er sterkur og varð hagnaður af öllum sjóðum félagsins rúmlega 5 milljónir á síðasta ári.

Ágúst sagði að hin beina þjónusta við félagsmenn færi fram með fjölbreyttari hætti en áður, t.d. með símtölum, e-mail sendingum, bréfum, heimasíðu og útgáfu fréttabréfa í samvinnu við hin stéttarfélögin á svæðinu. Einstaklingsbundin ráðgjöf við félagsmenn á sviði launa- og annarskonar starfsmannamála færðist í aukana m.a. vegna kjarasamninga félagsins, sem kveða á um að laun félagsmanna ráðist m.a. af menntun, færni og ábyrgð þeirra.

Á aðalfundinum urðu ekki breytingar á stjórn félagsins, formaður er Ágúst Óskarsson og aðrir stjórnarmenn Martha Dís Brandt, Kristín Rúnarsdóttir, Laufey Marta Einarsdóttir

og Hafliði Jósteinsson. Varastjórn skipa Anna Sigrún Jónsdóttir, Ólafur Sævar Gunnarsson og Elín Steingrímisdóttir.

Að loknum hefðbundnum aðalfundar- störfum var tekin umræða um kjaramál og næstu kjarasamninga. Núverandi kjara- samningar sem gerðir voru í maí 2000 gilda til 1. mars 2004. Framsögumaður var Elías Magnússon forstöðumaður kjaramálasviðs V.R. Ræddi hann um efni og aðferðafræði síðustu kjarasamninga, hugsanlega aðkomu að þeim næstu og launaviðtöl. Að hans sögn verða verkefni næstu kjarasamninga að verja kaupmáttinn og bæta stöðugt í hann og hækka sérstaklega lægstu laun. Í umræðunni varpaði hann fram mörgum hugmyndum, t.d. um breytingar á veikindarétti, styrkingu sjúkra- sjóða, niðurlagningu almennra kauptaxta, lengingu sumar- og vetrarorlofs og breytingum á vorfrídögunum svokölluðu.

Elías sagði reynsluna af markaðslaunakerfi því sem samið var fyrst um í kjarasamningum 1997 vera góða. Árlega fara rúmlega 50% félagsmanna í launaviðtöl og fer þeim stöðugt fjölgandi. Hvatti hann félagsmenn í Verslunarmannafélagi Húsavíkur til að vera virka í að fara í launaviðtölin og nýta sér góða þjónustu verslunarmannafélaganna og gögn sem þau gæfu út t.d. launakannanir í við- tölunum. Reynslan sýndi að rúmlega helmingur þeirra sem færu í launaviðtöl bæru úr býtum hærri laun og þar með meiri hækkanir en kjarasamningar kvæðu á um. Í lok fundar fengu fundarmenn flíspeysu frá félaginu.



Verslunar- og skrifstofufólk við störf



Verkalýðsfélag Þórshafnar hefur gert nokkrar breytingar á orlofshúsi félagsins í Kjarnaskógi, kominn er ný þvottavél og verönd með heitum potti til þæginda fyrir félagsmenn og gesti þeirra. Mikil ánægja er meðal félagsmanna með þetta framtak stjórnar félagsins.

Ekki missa af þessari ferð Ævintýraferð um óbyggðir

Fyrirhuguð er helgarferð á vegum stéttar- félaganna um miðjan ágúst um óbyggðir Íslands og Norðurland. Farið verður með rútu frá Húsavík um hádegi á föstudag inn í Bárðardal, upp á Sprengisand og gist í Laugafelli. Á leiðinni verður Aldeyjarfoss, Hrafnabjargarfoss og fleiri athyglisverðar náttúruperlur skoðaðar. Í Laugafelli eru heitir og góðir skálar og góð laug til að baða sig í. Á laugardegi verður síðan ekið niður í Skagafjörð og inn dalir skoðaðir, þar eru m.a. bæirnir Merkigil og Ábær og gist í Skagafirði. Á sunnudeginum verður farið í Eyjasiglingu á Skagafirði. Ennfremur verður litast um og stoppað á fallegum stöðum á heimleiðinni hvort heldur sem farið yrði um Lágheiði eða Öxnadalshéiði. Þetta er þægileg ferð fyrir alla aldurshópa. Skráning stendur yfir til 5. júní á Skrifstofu stéttarfélaganna. Verð fyrir fullorðna er kr. 4.900,- það er fyrir félagsmenn og maka þeirra. Börn yngri en 16 ára greiða kr. 2.500.

Innifalið í ferðinni er gisting, akstur, morgun- matur og kvöldmáltíð á laugardeginum. Að öðru leyti er reiknað með að þátttakendur nesi sig sjálfir. Þetta er frábær ferð á mjög góðu verði, ekki missa af henni. Frekari upplýsingar er fást á Skrifstofu stéttarfélaganna í síma 464-1301.



Stéttarfélögin standa fyrir spennandi ferð um hálendið í sumar í samstarfi við Rúnar Óskarsson ferðamálafrömuð. Hér má sjá mynd úr sumarferð stéttarfélaganna í Kverkfjöll fyrir nokkrum árum.

Fjölmenn hátíðar- dagskrá 1. maí

Í tilefni af hátíðahöldunum 1. maí fjölmenntu Þingeyingar í Félagsheimilið á Húsavík þar sem boðið var upp á fjölbreytta dagskrá. Meðal gesta sem komu fram á hátíðinni voru Lúðra-
sveit Þingeyinga undir stjórn Kaldo Kiis, Guðni Bragason ásamt húsvísku tónlistarfólki, Karlakórinn Hreimur sem Robert Faulkner stjórnaði, Örn Árnason leikari og skemmti-
kraftur og Sigurður Bessason formaður Eflingar-stéttarfélags sem flutti hátíðarræðu dagsins.

Í lokin var samkomugestum boðið upp á kaffiveitingar. Þá var börnum boðið á kvik-
myndasýningar í Samkomuhúsinu. Áætlað er að um 800 manns hafi tekið þátt í hátíðar-
höldunum 1. maí. Stéttarfélagin þakka öllum þeim fjölmörgu sem þátt tóku í hátíðar-
höldunum fyrir þeirra framlag.

Myndir frá hátíðahöldunum eru í miðopnu blaðsins.



Vorið er tími aðalfunda hjá stéttarfélagunum og því þarf að ganga frá ársreikningum og skýrslum fyrir síðasta starfsár. Hér má sjá félagslega kjörna skoðunarmenn reikninga Verslunarmannafélags Húsavíkur að störfum. Þeir eru heiðursmennirnir Hermann Larsen og Gunnar Páll Jóhannesson.

Sumartími á skrifstofu
Frá 1. júní 2003 verður
Skrifstofa stéttarfélaganna
opin frá kl. 08:00 til 16:00
alla virka daga. Opið er í
hádeginu. Sími 464-1301,
myndsendir 464-1781.

Daglegar fréttir á
heimasíðu
stéttarfélaganna
vh.is
Fjöldi fólks fer
daglega inn á
heimasíðu
stéttarfélaganna
vh.is

VH og samstarfsaðilar fá 2.5 milljónir í styrk

Starfsmenntaráð Félagsmálaráðuneytisins hefur samþykkt að veita Verkalýðsfélagi Húsavíkur og samstarfsaðilum sem eru Mímirsímenntun, Starfsgreinasambandi Íslands og fyrirtækjum í ferðaþjónustu styrk kr. 2.5 milljónir til að þróa stutta starfsmenntabraut fyrir fólk, sem starfar í ferðaþjónustufyrirtækjum á Húsavík/S-Þing, sem byggja starf sitt á fiski. Verkefnið ber vinnuheiðið "Fiskur og ferðaþjónusta". Þetta eru mjög ánægjulegar fréttir og ber að þakka Starfsmenntaráði fyrir styrkinn. Áætlaður kostnaður við þetta verkefni er um 5. milljónir. Ekki er ólíklegt að aðrir starfsmenntasjóðir styrki þetta verkefni sem er mjög áhugavert og nýtt á Íslandi.



Fulltrúar frá Verkalýðsfélagi Húsavíkur og samstarfsaðilum komu nýlega saman á Húsavík til að ræða uppbyggingu á námskeiði fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu sem byggja starf sitt á fiski. Starfsmenntaráð styrkir verkefnið.



Aðalfundur AP og Málþing!

Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga verður baldinn föstudaginn 6. júní nk. í Þórsveri á Þórsböfn. Fundurinn hefst kl. 13:00 með hefðbundnum aðalfundarstörfum.

Kl. 14:30 hefst Málþing

í Þórsveri á Þórsböfn, undir yfirskriftinni

"Byggðaðpróun á jaðarsvæðum – ímynd landsbyggðar.

Frummælendur:

Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar

Gunnar Jóhannesson, verkefnastjóri hjá AP

Steingrímur Sigfússon, alþingismaður

Málþingið er öllum opið. Í uppbafi þess verða veitt "Hvatningarverðlaun AP".



Fjölsótt samkoma á Kópaskeri

Það má líkja því við kraftaverk að ekki stærra félag en Verkalýðsfélag Öxarfjarðar, sem telur um 100 félagsmenn, skuli geta haldið upp á 1. maí með jafn glæsilegum hætti og þeir hafa gert undanfarin ár. Þar kemur til fyrst og fremst mikil áhugi stjórnar félagsins því mikil tími fer í skipulagningu og aðra vinnu við hátíðahöldin. Að venju stóð félagið fyrir veglegri dagskrá á Kópaskeri 1. maí þar sem fram komu m.a. Örn Árnason leikari, kór Snartastaðakirkju söng undir stjórn Dr. Guðmundar Emilssonar og börn úr Grunnskólanum í Lundi skemmtu gestum. Olga Gísladóttir formaður VÖ flutti ávarp og Sigurður Bessason flutti hátíðarræðu dagsins. Í lokin var öllum samkomugestum boðið að þiggja veitingar í boði félagsins.



Töluverður vöxtur hefur verið hjá Fiskeldinu í Haukamýri og starfa nú um 8 starfsmenn hjá fyrirtækinu á Húsavík. Á síðasta ári voru framleidd um 100 tonn af bleikju sem að mestu fóru á erlenda markaði og um 450 þúsund laxaseiði til áframeldis innanlands. Undanfarið hafa staðið yfir framkvæmdir í stöðinni sem miða að því að auka umsvif stöðvarinnar en frekar. Á myndinni er einn af starfsmönnum fyrirtækisins, Sveinbjörn Magnússon, sem er mikill reynslubolti í fiskeldi með eina væna 20 punda bleikju. Stöðin hefur nú hætt framleiðslu á laxaseiðum og hyggst auka framleiðslu á bleikju. Um 90% af þeirri bleikju sem slátrað er í stöðinni er flókuð á staðnum.

Gott start fyrir þig

Þú þegar hafa þjálfandi úngmennu á aldrinum 12-16 ára með góðu starti í fjárfðum. Skráðu þig í Stafráðun: Sportgæðingur, utvað í dag.

start
gottstart.is

SPARISJÓÐUR
ÞÓRSHAFNAR OG NÁGRENNIS

SPARISJÓÐURINN
- fyrir þig og þína

**Gerðu
milljóna
starfslokasamning
við sjálfa(n) þig**

**Viðbótarlífeyrissparnaður
Íslandsbanka**

ÍSLANDSBANKI

www.isb.is

Vertu með allt á hreinu!